

vant-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– það vantar í hann tönn

‡

teng-ja *so. vb.-i – heyra*
[-di]

– tengið saman myndir og orð

‡ • tengsl

ýt-a *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– þau urðu að ýta bílnum í gang

‡

star-a *so. vb.-i – heyra*
[-ði]

– hún starði á manninn

‡

krón-a *kvk. – stofa*
[-u, -ur]

– þetta kostar bara 24 (tuttugu og fjórar) krónur

‡

venjulega *ao.*

– venjulega kem ég á hjóli

‡ venjuliga • venjulegur, venja (so), venja (no);
vanur

burtu *ao.*

– verður þú lengi í burtu?

‡

sjaldan *ao.*
[sjaldnar, sjaldnast]

– ég fer sjaldan í leikhús

‡ « oft

trú *kvk. et. – mynd*
[-ar]

– með fermingunni játarðu trú þína
– ég hef mikla trú á honum

‡ • trúa, ótrulegur, ótrúlega, fulltrúi « efi

upplýsing *kvk. – spurning*
[-ar, -ar]

– ég þarf fleiri upplýsingar

‡ • upp, lýsing, lýsa, ljós (no), ljós (lo)

heimsókn *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– hver kemur í heimsókn?

‡ • heimsækja, heima; sækja, sókn, rannsókn

fjörður *kk. – völlum*
[fjarðar, firðir]

– báturinn sigldi inn fjörðinn

‡ fjörðr

reið-ur *lo. – gular*
[-, reitt; -ari, -astur]

– hún var svo reið að hún sló í borðið

‡ reiðr • reiði

glað-ur *lo. – gular Ö*
[glöð, glatt; -ari, -astur]

– hún var glöð að sjá son sinn

‡ glaðr

undanfarin-n *lo. – gular B S*
[-, undanfarið; undanfarnir, undanfarnar, -]

– ég hef sofið lítið undanfarið

‡ • undan, fara » liðinn

verkefni *hk. – hús*
[-s, -]

– skildirðu verkefnið?

‡ • verk, efni; hlutverk, verkefni